

N O R Ð F I R Ð I N G U R _ _ _ _

Fréttablað Norðfirðingafélagsins

2. tölublað 1981 5. árgangur.

ÁRSHÁTÍÐ

Norðfirðingafélagsins verður
haldin í félagsheimili Seltjarn-
arness laugardaginn 28.mars 1981
kl. 20:00 stundvíslega.

Matseðill: Súpa

Sítrónukryddaður lambahryggur

Trifle.

Ræðumaður: Ásgeir Lárusson

Einsöngur: Ásrún Davíðsdóttir

Miðaverð kr. 180,00

Viðtakandi:

Árshátíðin verður haldin sem
fyrr segir laugardaginn 28.mars
í félagsheimili Seltjarnarness.
Gestir okkar að þessu sinni koma
að heiman, hjónin Unnur Bjarnadóttir
og Ásgeir Lárusson, sem verður
ræðumaður kvöldsins. Mun hann
flytja okkur gamlar og nýjar
fréttir að austan.

Ásrún Davíðsdóttir (Áskelssonar)
mun koma og syngja fyrir okkur
nokkur lög við undirleik Jórunnar
Viðar. Ásrún lauk prófi frá
Söngskólanum fyrr í vetur og hefur
hlotið góða dóma fyrir söng sinn.
Einnig mun verða fjöldasöngur
undir borðhaldi að venju.
Að borðhaldi loknu verður dansað
og trallað af miklu fjöri og
krafti til kl. 02:00 við undirleik
Karls Lillendahl og félaga.

Verði aðgöngumiða er stillt mjög í hóf og er kr. 180,00 pr. miða. Geti einhverjir ekki komið fyrir en seinna um kvöldið þá verður seldur aðgangur á ballið og kostar þá miðinn kr. 70,00.

Vonandi fjölmenna norðfirðingar hér syðra á ársháhiðina til að skemmta sér í góðum hópi.

Takmarkið er að fá sem allra flesta svo hátíðin standi undir sér fjárhagslega, en það hefur brugðist undanfarin ár.

Miðapantanir eru hjá eftirtöldum:

Friðrik s.39765 Eiríkur s.54574

Guðlaug s.86684 Hulda S.52642

Sigurlaug s.42329

Félagar eru hvattir til að panta miða sem allra fyrst til að auðvelda allan undirbúning.

Miðasala verður í félagsheimili
Seltjarnarness fimmtudaginn 26.
mars kl. 17:00 - 19:00.

Góukaffi var haldið sunnudaginn
1.mars á hóteli Sögu. Kaffið sóttu
um 150 manns, sem verður að teljast
góð mæting. Þar var haldinn smá
aðalfundur og m.a. kosnir tveir
nýir í stjórn þau Sigrún Þorsteins-
dóttir og Jón Benjamínsson og koma
þau í stað Ólinu Þorleifsdóttur
og Baldurs Karlssonar, sem ekki
gáfu kost á sér til endurkjörs.
Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir
unnin störf og þau nýju boðin
velkomin til starfa.

MUNIÐ ÁRSHÁTÍÐINA 28. mars.1981

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi : Norðfirðingafélagið
Efstalandi 6, 108 R.

Ritstjóri : Friðrik Guðmundsson.